

# Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Átaks- og vinnudeilusjóðs KJALAR fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja verkefni sem stjórn KJALAR samþykkir með 2/3 hluta atkvæða og að vera eigandi fasteigna sem ætlað er að styrkja félagslega uppbyggingu vegna félagsins.

## Starfsemin á árinu

Hagnaður (tap) félagsins á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam.....	5.100.775
Eignir félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu.....	95.582.210
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	95.552.210
Eiginfjárhlfutfall félagins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	100,0%

Stjórnendur hafa metið áhrif COVID-19 faraldursins á rekstur og reikningsskil félagsins sem óveruleg. Vegna eðlis starfseminnar hefur faraldurinn ekki haft teljandi áhrif á tekjur og afkomu félagsins eða getu þess til að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar og ekki er gert ráð fyrir að breyting verði á því á árinu 2021.

## Tillaga til aðalfundar

Stjórn félagsins víesar í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

## Yfirlýsing stjórnar og fulltrúa

Að áliti stjórnar og fulltrúa Átaks- og vinnudeilusjóðs KJALAR koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrararárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og fulltrúi Átaks- og vinnudeilusjóðs KJALAR staðfesta hér með ársreikning sjóðsins með undirritun sinni.

Akureyri, 29 / 3 2021.

## Í stjórn

Ingunn Jóhannesdóttir  
stjórnarformaður

Jón Sigurpáll Hansen  
meðstjórnandi

Kristín Sigurðardóttir  
meðstjórnandi

Margrét Árnadóttir  
fulltrúi

# Áritun kjörinna skoðunarmanna

## Til stjórnar og félagsmanna í Átaks- og vinnudeilusjóði KJALAR


Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn KJALAR stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu höfum endurskoðað ársreikning ársins 2020 fyrir Átaks- og vinnudeilusjóð KJALAR. Við höfum gert þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum, sem við töldum nauðsynlegar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af rekstri sjóðsins á árinu 2020 og efnahag hans 31. desember 2020.

Akureyri, 23 / 3 2021.



Lára Ólafsdóttir  
skoðunarmaður



Johanna Sigurðardóttir  
skoðunarmaður

## Átaks- og vinnudeilusjóður KJALAR

24  
Akureyri / 3 mars 2021

**Deloitte hf.**  
**Glerárgötu 28**  
**600 Akureyri**

Staðfestingarbréf þetta er skrifað vegna könnunar ykkar á ársreikningi fyrir Átaks- og vinnudeilusjóð KJALAR (hér eftir nefndur sjóðurinn) fyrir árið 2020 sem sýnir hagnað kr. 5.100.775, heildareignir kr. 95.582.210 og eigið fé kr. 95.552.210 í þeim tilgangi að gefa álit á því hvort ársreikningur sjóðsins gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2020, efnahag hans 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Okkur er ljóst að við sem stjórnendur sjóðsins erum ábyrgir fyrir gerð ársreikningsins og skýrslu stjórnar. Við teljum að ársreikningurinn sé í samræmi við reikningsskilareglur á Íslandi og að fullnægjandi upplýsingar séu í skýringum hans. Jafnframt álítum við að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri, efnahag og breytingu á handbæru fé sjóðsins.

Við staðfestum að eftirfarandi fullyrðingar eru samkvæmt okkar bestu vitund og þekkingu:

1. Við höfum ekki orðið vör við neina atburði sem geta gefið til kynna að vafi sé um rekstranhæfi sjóðsins.
2. Það er á ábyrgð okkar að hanna og innleiða innra eftirlit og að fylgja því eftir í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötva svik og skekkjur.
3. Við höfum kynnt fyrir ykkur niðurstöður mats okkar á hættunni á að ársreikningurinn innihaldi verulegar skekkjur vegna sviksemi.
4. Við höfum ekki orðið vör við nein mikilvæg atríði sem bent gætu til svika eða vakið grunsemdir um sviksemi sem gætu tengst
  - a. stjórnendum,
  - b. starfsmönnum sem hafa með höndum mikilvæg störf sem snúa að innra eftirliti eða
  - c. öðrum sem geta haft umtalsverð áhrif á ársreikninginn.
5. Við höfum ekki orðið vör við neinar ásakanir starfsmanna, fyrrverandi starfsmanna eða annarra um sviksemi, eða grun um sviksemi, sem gætu haft veruleg áhrif á ársreikninginn.
6. Í ársreikningnum eru engar verulegar skekkjur, þ.m.t. skekkjur vegna vanrækslu eða yfirsjónar.

17. Í ársreikningnum hefur verið tekið tillit til áhrifa af atburðum eftir reikningsskiladag, ýmist með því að gera viðeigandi leiðréttigar eða veita upplýsingar um áhrif þeirra í skýringum.

Ingunn Jóhannesdóttir

Ingunn Jóhannesdóttir, formaður

Margrét Árnadóttir

Margrét Árnadóttir, fulltrúi